

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXVII. árgangur.

2. hefti.

1986

Mánudaginn 24. mars 1986.

Nr. 101/1985. **Ákærvaldið**

(Jónatan Sveinsson saksóknari)

gegn

Péttri Einarssyni

(Örn Clausen hrl.)

Fjársvik. Tékkalagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Héraðsdómi var með stefnu 17. apríl 1985 áfrýjað til Hæstaréttar af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip dómsherða barst Hæstarétti 17. f.m.

I. Ákæra 23. nóvember 1983.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn er varða þessa ákæru. Meðal þeirra er vottorð Ragnars Halldórs Hall skiptaráðanda um að bú Framtíðarhúsa h/f hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar 30. mars 1983. Vottorði skiptaráðandans fylgja ýmis gögn. Þá hefur verið lagt fram afrit af skeyti Kristins Einarssonar hæstaréttarlögmanns til ákærða, sendu 7. október 1982, þar sem hann krefur ákærða um endurgreiðslu á fé því sem hann hafi komist yfir frá Róbert Alfredssyni vegna verksamnings um Hagaland 14, svo og svarskeyti ákærða. Þá hafa skýrslur verið teknar eftir uppsögu héraðsdóms af vitnunum Ómari Kristvínssyni, Emmu Þórunni Blomsterberg, Róbert Erni Alfredssyni og Kristni Einarssyni hæstaréttarlögmanni, og voru ákærði og verjandi hans viðstaddir yfirheyrslurnar.

Ákærði, sem haft hafði milligöngu um kaup Ómars Kristvinssonar og Emmu Þórunnar Blomsterberg á húseign af Róbert Erni Alfreðssyni, fékk Emmu Þórunni nokkru eftir að kaupin voru gerð til þess að afhenda sér víxla að fjárhæð samtals 350.000,00 krónur er ganga skyldu upp í kaupverð eignarinnar. Ekki verður séð að ákærði hafi haft samráð við seljandann um þessar greiðslur og ekkert umboð hafði hann til þess að kalla eftir þeim. Þá verður að telja sannað að hann hafi ekki staðið Róbert Erni skil á fé því er hann fékk fyrir víxlana. Ákærði, sem hefur haldið því fram að féð hafi runnið til Róberts Arnar, þannig að það hafi komið fram sem greiðslur frá Róbert til Framtíðarhúsa h/f, hefur enga grein gert fyrir því hvernig það hafi gerst, og samkvæmt gögnum frá skiptaráðanda er ekki í bókhaldsgögnum Framtíðarhúsa h/f að finna neinn viðskiptareikning Róberts Arnar. Um tvo af víxlum Emmu Þórunnar, þá er féllu í gjalddaga 15. desember 1982 og 15. janúar 1983, er sannað að Útvegsbanki Íslands keypti þá af ákærða, sbr. kaupnótu bankans 9. nóvember 1982.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið verður að líta svo á að ákærði hafi fengið Emmu Þórunni til þess að afhenda sér víxlana með því að vekja hjá henni þá hugmynd að hún væri þannig að greiða af skuld sinni samkvæmt kaupsamningnum en fyrir ákærða hafi vakað að nota andvirði víxlanna í eigin þarfir, svo sem kom á daginn. Ber þannig að refsa ákærða að þessu leyti fyrir fjársvik samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Ákæra 28. mars 1984.

Í héraði var ákærði sýknaður af fyrra þætti þessarar ákæru er laut að fjársvikum í viðskiptum við Sóma s/f. Fyrir Hæstarétti hefur verið lýst yfir því af hálfu ákæruvalds að krafist sé staðfestingar á þessu dómsákvæði. Að svo vöxnu máli verður því eigi haggað.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms að ákærði hafi unnið til refsingar samkvæmt 73. gr. laga nr. 94/1933 sbr. lög nr. 35/1977 með því að nota í viðskiptum þá fjóra tékka sem um ræðir í síðara þætti þessarar ákæru, en tékkarnir reyndust án innistæðu við sýningu.

Samkvæmt bréfi Útvegsbanka Íslands til Rannsóknarlögreglu ríkisins, dags. 7. þ.m., sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, hefur ákærði greitt kröfu bankans sem dæmd var í héraðsdómi. Af hálfu ákærða hefur þess verið krafist, að verði hann sakfelldur fyrir notkun tékka þeirra sem um ræðir í þessum þætti ákæru, verði ákvæði héraðsdóms um bætur til handa Arnmundi Backman hæstaréttarlögmanni og Jóni Ingólfssyni héraðsdómslögmanni staðfest. Héraðsdómur dæmdi bætur til Arnmundar Backman ásamt dráttarvöxtum, án þess að tilgreina vaxtafót nánar, og hann var heldur eigi tilgreindur í kröfunni. Verður að ómerkja þetta vaxtaákvæði héraðsdóms og vísa vaxtakröfunni frá héraðsdómi. Að öðru leyti verður þetta fébótaákvæði dómsins staðfest, þó þannig að bætur verða dæmdar Trésmiðafélagi Reykjavíkur, en lögmaðurinn gerði kröfuna fyrir hönd félagsins. Bótakrafa Jóns Ingólfssonar var gerð fyrir hönd Völundar h/f, og með þeirri athugasemd má staðfesta úrlausn héraðsdóms um þá kröfu, þó svo að vextir verði þeir er í dómsorði greinir.

III. Viðurlög.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 5 mánuði.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað í héraði, þar með talin málsvarnarlaun svo sem þau eru ákveðin í héraðsdómi. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Pétur Einarsson, sæti fangelsi 5 mánuði.

Ákærði greiði Trésmiðafélagi Reykjavíkur 13.806,00 krónur. Einnig greiði ákærði Völundi h/f 15.305,00 krónur ásamt mánaðarlegum dráttarvöxtum frá 12. nóvember 1982 til greiðsludags, og skulu vextir vera þeir er Seðlabanki Íslands ákveður hverju sinni, þó eigi hærri en 5% á mánuði.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar í héraði, þar með talin málsvarnarlaun eins og þau eru ákveðin í héraðsdómi. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknar-

laun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. mars 1985.

Ár 1985, föstudaginn 15. mars, var á dómþingi sakadóms, sem háð var að Borgartúni 7 í Reykjavík af Ármanni Kristinssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í máli nr. 191/1985: Ákærvaldið gegn Pétri Einarssyni, sem tekið var til dóms 4. þessa mánaðar.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 23. nóvember 1983, gegn ákærðum, „Pétri Einarssyni forstjóra, Brúarenda við Starhaga í Reykjavík, fæddum 11. janúar 1929 í Reykjavík, fyrir fjársvik en til vara fyrir fjárdrátt, með því að hafa þann 20. maí 1982 fengið Emmu Blomsterberg, Breiðvangi 4, Hafnarfirði, til að samþykka og afhenda sér þrjá víxla samtals að fjárhæð kr. 350.000,00, kr. 100.000,00 í gjalddaga 15. september 1982, kr. 100.000,00 í gjalddaga 15. desember 1982 og kr. 150.000,00 í gjalddaga 15. janúar 1983, með því að vekja hjá henni ranglega trú um að hún væri þar með að inna af hendi gildar greiðslur á sömu gjalddögum og víxlarnir upp í kaupsamning, dagsettan 18. maí 1982, við Róbert Örn Alfredsson um 4ra herbergja íbúð í Breiðvangi 4, sem fasteignasalan Húsamiðlun sf., Templarasundi 3, Reykjavík, sem ákærði rak, hafði haft milli-göngu um. Ákærði, sem hafði enga heimild til að ganga eftir greiðslunum með framangreindum hætti, gaf síðan sjálfur út víxlana og seldi þá í Útvegsbanka Íslands, Reykjavík, og hagnýtti sér andvirði þeirra, en nefnd Emma og eiginmaður hennar, Ómar Kristvinsson, voru síðan krafín um þessar sömu greiðslur á gjalddögum þeirra samkvæmt kaupsamningnum af lögmanni seljandans.

Framanlýst háttsemi ákærða telst aðallega varða við 248. gr. en til vara við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málið er einnig höfðað á hendur ákærðum með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 28. mars 1984, „fyrir fjársvik og tékkasvik, svo sem hér verður nánar rakið:

I. Fjársvik.

Ákærða er gefið að sök að hafa þann 29. júlí 1982, í nafni Íslensk-Kanadíska Verslunarfélagsins hf., Reykjavík, þar sem ákærði var bæði stjórnarformaður og framkvæmdastjóri með prókúruumboði, selt firmanu Sóma sf., Hamraborg 10, Kópavogi, 100 kassa af svokölluðum hamborg-

ararelish fyrir kr. 51.596,40 og fengið söluverðið þá þegar greitt í formi tveggja víxla, samþykktum af kaupanda í gjalddaga 15. september og 15. nóvember 1982, en þá svíksamlega leynt því, að hann hafði þá ekki tók á að afhenda vöruna nema að hluta, þ.e. 15 kassa, en 85 kassa hefur kaupandinn eigi fengið afhenta en ákærði eigi að síður hagnýtt sér andvirði víxlanna, sem kaupandi hefur báða greitt.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. *Tékkasvik.* (sic)

Þá er ákærða gefið að sök að hafa á árinu 1982 gefið út og notað í viðskiptum eftirgreinda tékka í nafni Íslensk-Kanadíska Verslunarfélagsins á tékkareikning þess nr. 2853 við Útvegsbanka Íslands, Austurstræti 19, Reykjavík, án þess að nægileg innistæða væri fyrir hendi á reikningnum, þegar tékkarnir voru gefnir út eða sýndir í greiðslubankanum, sem lyktaði með því, að reikningnum var lokað vegna misnotkunar þann 29. október 1982.

1. Tékki nr. 1552167, að fjárhæð kr. 6.778,00, dagsettur 27. október 1982, útgefinn til Kristjáns Sigurðssonar, Vesturvangi 28, Hafnarfirði, til greiðslu á vinnulaunum.

2. Tékki nr. 1552168, að fjárhæð kr. 7.028,00, dagsettur 27. október 1982, útgefinn til Jóns Jólssonar, Reynimel 48, Reykjavík, til greiðslu á vinnulaunum.

3. Tékki nr. 1552163, að fjárhæð kr. 71.000,00, útgefinn 20. október 1982 til handhafa og afhentur lögfræðideild Útvegsbanka Íslands til greiðslu á skuld við Ómar Kristvinsson, nnr. 6898-0097, sem jafnframt framseldi tékkana.

4. Tékki nr. 1552165, að fjárhæð kr. 15.305,00 með útgáfudagsetningunni 10. nóvember 1982, gefinn út til Timburverslunarinnar Völundar til greiðslu á verslunarskuld.

Framanlýst atferli ákærða, sem lýst er í II. kafla hér að framan, telst varða við 73. gr. laga um tékka nr. 94, 1933, sbr. lög nr. 35, 1977.

III. *Dómkröfur.*

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærðs hefur hann sætt kærnum og refsingum svo sem hér segir:

[Sakavottorð ákærða tilgreinir fimm refsidóma, þar af tvo fyrir brot gegn 248. og 261. gr. alm. hegningarlaga (1964 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi og 1972 3 mánaða skilorðsbundið fangelsi) og auk þess 10 sektir samkvæmt dómsátt, þar af eina (1971) fyrir brot gegn 261. gr. hegningarlaga.]

Málsatvik eru þessi:

I.

Hinn 18. maí 1982 var á skrifstofu fasteignasölnunnar Húsamiðlunar sf. að Templarasundi 3 í Reykjavík gerður kaupsamningur um 4 herbergja íbúð í húsinu Breiðvangi 4 í Hafnarfirði. Ákærður rak fasteignasölnuna á þessum tíma og annaðist samningsgjörðina. Seljandi var skráður Róbert Örn Alfredsson og kaupandi Ómar Kristinsson, en rétt nafn hans er Ómar Kristvinsson.

Kaupverð íbúðarinnar var krónur 1.150.000. Emma Þórunn Blomsterberg, eiginkona nefnds Ómars, en þau hjón voru búsett á Akureyri, greiddi að nokkru við undirskrift og að nokkru tveim dögum síðar krónur 200.000 upp í kaupverðið. Róbert Örn ritaði kvittun fyrir fjárhæðinni og lét hana þá þegar renna til fyrirtækisins Framtíðarhúsa hf. sem ákærður veitti forstöðu. Fyrirtæki þetta hafði tekið að sér að reisa einbýlishús fyrir Róbert Örn að Hagalandi 14 í Mosfellssveit. Jafnframt samþykkti Emma Þórunn þrjá víxla samtals að fjárhæð krónur 350.000 og fékk samtímis í hendur kvittun undirritaða af ákærðum fyrir hönd Húsamiðlunar sf., þar sem skýrt kemur fram, að um sé að ræða víxla til efnda á tilgreindum greiðsluliðum samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 19. (sic) maí 1982, um íbúð Róberts Arnar Alfredssonar að Breiðvangi 4. Ákærður ritaði nafn sitt sem útgefanda á alla víxlana og seldi þá í Útvegsbanka Íslands, hinn fyrsta þeirra, að fjárhæð krónur 100.000, hinn 1. júlí 1982, og var hann greiddur hinn 22. október 1982. Hina tvo, samtals að fjárhæð krónur 250.000, seldi ákærður bankanum hinn 20. september 1982, og voru þeir báðir greiddir hinn 17. desember sama ár. Í kaupsamningnum frá 18. maí 1982 kemur ekki fram á hvern hátt eða hvar greiðslur þessar, að fjárhæð krónur 350.000, skyldu goldnar.

Samkvæmt kvittunum, sem lagðar hafa verið fram í málinu, greiddi Ómar Kristvinsson síðan Róbert Erni Alfredssyni að kröfu hans krónur 115.000 hinn 25. febrúar 1983, krónur 100.000 hinn 10. maí 1983 og krónur 90.000 hinn 8. júní 1983. Í öllum kvittunum er tekið fram að fjárhæðirnar séu inntar af hendi með þeim fyrirvara að fasteignasalan Húsamiðlun sf. hafi ekki haft nægilegt umboð til að veita viðtöku víxlum samkvæmt kvittun fasteignasölnunnar, dagsettri 20. maí 1982.

Hjónin Emma Þórunn Blomsterberg og Ómar Kristvinsson hafa þannig tvígreitt krónur 305.000 af umsömdu kaupverði íbúðarinnar að Breiðvangi 4 í Hafnarfirði, þrátt fyrir að þau hefðu undir höndum kvittun fasteignasölnunnar, sem kaupin annaðist, þess efnis að greiðslurnar hefðu þegar verið reiddar af höndum.

Lagður hefur verið fram í málinu ódagsettur verksamningur um byggingu

hússins nr. 14 við Hagaland í Mosfellssveit. Samningur þessi er undirritaður af Róbert Erni Alfreðssyni sem verkkaupa og ákærðum f.h. Framtíðarhúsa hf. sem verktaka. Orðrétt hljóðar 6. gr. samningsins þannig: „fyrir verkið greiðir verkkaupi kr. 1.400.000.- fyrir Húsið, ásamt lóð þannig: A. Samkv. kaupsamningi dags. 18. maí 1982 milli verkkaupa og Ómars Kristinssonar á Breiðvangi 4. Hafnarfirði. — B. Húsnæðismálalán — C. Endanlegt uppgjör fer fram á milli aðilja síðar.“

Vitnið Emma Þórunn Blomsterberg húsmóðir, Breiðvangi 4, Hafnarfirði, kvað Ómar eiginmann sinn hafa átt tal við ákærðan í síma áður en af kaupum varð og óskað eftir breytingum á greiðslukjörum þeim sem áður hafði verið rætt um. Taldi ákærður ekkert því til fyrirstöðu þar sem hann ætti að fá greiðslurnar, en óskaði jafnframt eftir, að samþykktir yrðu víxlar fyrir þremur fyrstu afborgunum. Um leið og kaupsamningur var undirritaður sagðist vitnið hafa spurt ákærðan hvenær ganga ætti frá víxlunum, og hafi hann sagt best að ganga frá þeim þegar vitnið kæmi með viðbótar-greiðslu tveim dögum síðar. Vitnið kvaðst ekki vita hvort Róbert Örn Alfreðsson hafi heyrt þessi orðaskipti, „því hann hafi einskis spurt“. Vitnið taldi fullvíst að ákærður hefði haft heimild til að veita víxlunum viðtöku sem greiðslum þar sem það vissi að seljandi íbúðarinnar hafi verið að kaupa innflutt hús af ákærðum. Vitnið kvaðst hafa fengið íbúðina afhenta hinn 1. september 1982 og stuttu síðar borist tilkynning frá Útvegsbankanum um gjalddaga fyrsta víxilsins. Nokkru seinna hafi Róbert Örn hringt og gengið eftir greiðslu afborgana af íbúðinni. Vitnið kvaðst hafa sagt honum að búið væri að greiða afborganirnar með víxlum, en hann hafi ekkert sagst vita um þá víxla. Síðar hafi lögfræðingur á vegum Róberts Arnar kafið þau hjónin um greiðslur samkvæmt kaupsamningi, og hafi þau reynt að greiða þær eftir getu. Voru hér um sömu greiðslur að ræða og þau höfðu áður greitt með víxlunum.

Vitnið Róbert Örn Alfreðsson verkstjóri, Hagalandi 14, Mosfellssveit, kvaðst við undirskrift kaupsamningsins á fasteignasölu ákærðs hafa ráðstafað þeim 200.000 krónum, sem þá guldust, á þann hátt sem að framan er rakið. Við undirritunina hafi ekkert verið rætt um hvar eða hvernig aðrar greiðslur samkvæmt kaupsamningnum færu fram. Vitnið kvaðst ekkert annað hafa haft í huga en kaupendur íbúðarinnar, Ómar og Emma Þórunn, létu vitnið vita þegar þau væru tilbúin með greiðslu og það gæti þá vitjað hennar til þeirra eða á fasteignasöluna. Aldrei hafi verið rætt við vitnið um að greiðslur yrðu í formi víxla. Vitnið kvaðst þá fyrst hafa komist að því að greitt hefði verið með víxlum þegar það hafi farið að lengja eftir greiðslu og haft samband við kaupendur íbúðarinnar. Hafi vitnið þá snúið sér til lögfræðings og falið honum að fá greiðslur þær frá ákærðum sem

hann hafði fengið með víxlunum, og jafnframt hafi lögfræðingurinn krafist kaupendur íbúðarinnar um greiðslur samkvæmt ákvæðum kaupsamningsins.

Um sama leyti og vitnið var að selja íbúðina að Breiðvangi 4 kvaðst það hafa verið að kaupa lóð af fyrirtæki sem ákærður veitti forstöðu, og hafi hann jafnframt átt að sjá um byggingu húss á lóðinni en vitnið greiða honum að því er það minnti krónur 1,4 milljónir í gagngjald. Vitnið kvaðst hafa haft í huga að greiða ákærðum fjárhæð þessa eftir því sem verkinu miðaði áfram og hafa ætlað að nota fjárhæðir þær sem inn kæmu fyrir sölu íbúðarinnar við Breiðvang til þessa, en framkvæmdir hefðu orðið stopular af hendi ákærðs. Vitnið hefði því rift samningnum við Framtíðarhús hf. í desembermánuði 1982.

Í bréfi ríkissaksóknara til dómsins, dagsettu hinn 23. nóvember 1983, er eftirfarandi tekið fram: „Varðandi ætlaðan hlut Róberts Arnar Alfreðssonar, Bakkasei 20, Reykjavík, í máli þessu, þá er eigi krafist frekari aðgerða að því er hann varðar.“

Ákærður hefur staðfastlega haldið fram að jafnframt því sem Róbert Örn hafi falið sér að annast sölu íbúðarinnar að Breiðvangi 4 hafi hann falið ákærðum fjármögnun framkvæmda að Hagalandi 14, og greiðslur fyrir íbúðina átt að greiðast til Húsamiðlunar sf. en síðan yrðu þær yfirfærðar til Framtíðarhúsa hf. Ákærður fullyrkti að hann hefði fært andvirði víxla þeirra, sem málið snýst um, á viðskiptareikning Róberts Arnar hjá Framtíðarhúsum hf., og fjárhæðir þeirra hafi runnið til byggingaframkvæmda í þágu Róberts Arnar að Hagalandi 14. Ákærður staðhæfði að Róbert Erni hefði verið fullkunnugt um víxlana sem og á hvern hátt andvirði þeirra var ráðstafað.

Frekari könnun hefur ekki farið fram á fjárskiptum þeirra ákærðs og Róberts Arnar Alfreðssonar.

Bókhald fyrirtækjanna Húsamiðlunar sf. og Framtíðarhúsa hf. að því er varðar viðskipti þessi hefur ekki sætt rannsókn.

Gegn eindreginni neitun ákærðs og með vísan til viðskiptatengsla hans og Róberts Arnar Alfreðssonar og vættis Emmu Þórunnar Blomsterberg og annarra þeirra gagna sem rakin hafa verið hér að framan verður ekki talið að lögfull sönnun sé fram komin fyrir því að ákærður hafi gerst sekur um háttsemi þá sem hann er sakaður um. Ber þannig að sýkna hann af refsikröfu ríkissaksóknara í ákæru, dagsettri 23. nóvember 1983, fyrir brot gegn 248. og 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Skaðabótakrafa hefur ekki verið gjörð í máli þessu, en Þórður S. Gunnarsson hæstaréttarlögmaður kærði í upphafi málið til Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Ríkissaksóknari hefur ekki óskað eftir frekari rannsókn varðandi ákæru-

lið þennan, og slík ósk hefur ekki komið frá ákærðum eða verjanda hans.

Almennt verður að gera ráð fyrir að ákæru ríkissaksóknara fylgi þau sönnunargögn, sem unnt er að afla á frumstigi og til stuðnings lúta kröfum þeim sem hann vill koma fram, en hann geti ekki vænst þess að dómari málsins, jafnvel án atbeina hans eða kröfu, eigi á síðara stigi máls frumkvæði að öflun þeirra, ákærðum til sakfellis. Ekki síst á þetta við þegar játning liggur ekki fyrir. En dómari hlýtur að skirrast við að seilast um of inn á rannsóknarvaldsvið ríkissaksóknara og rannsóknarlögreglu, enda þá vísast að hæfni hans til að kveða upp óvilhallan dóm í málinu skerðist.

Með dómi sakadóms, sem upp var kveðinn hinn 9. janúar 1984, var máli samkvæmt ákærulið þessum ex officio vísað frá dómi. Með því vildi dómarrinn veita ríkissaksóknara kost á að afla fyllri sönnunargagna, en frumrannsókn málsins var ekki talin viðhlítandi.

Ríkissaksóknari hlutaðist ekki til um frekari rannsókn málsins en kærði frávisunardóminn þess í stað til Hæstaréttar Íslands, sem taldi frumrannsókn málsins viðunandi.

Jafnframt höfðaði ríkissaksóknari fyrir Hæstarétti mál gegn dómaramum persónulega. Dómaramum er ekki kunnugt um hvaða sökum hann var borinn, en samkvæmt 20. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála fer ríkissaksóknari með ákærvaldið og í 1. gr. sömu laga segir að öll þau mál, sem handhafar ríkisvaldsins höfða til refsingar lögum samkvæmt, skulu fara eftir ákvæðum laganna. Sjálfur taldi dómarrinn sig vera að skera úr um réttarfarsatriði, og er þess að vænta að dómara fýsi lítt að fjalla um þau eftirleidis, eigi þeir sjálfir yfir höfði sér málshöfðun fyrir vikið.

Í Hæstarétti, en dóm þar kváðu upp hæstaréttardómarrarnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen, hlaut mál þetta þannig endurskírnn hinn 2. mars 1984. Breyttist frá því að heita: „Ákærvaldið gegn Pétri Einarssyni“, eins og lögskýlt er samkvæmt 120. gr. laga nr. 74, 1974, og fékk nafngiftina: „Ríkissaksóknari gegn Ármanni Kristinsyni sakadómarara og Pétri Einarssyni“. Var dómaramum þar með skipað á sama bekk og ákærðum í málinu. Dómara er ekki ljóst á hvaða lagarökum nafnbreyting þessi er reist.

Til álita hlýtur af þessum sökum að koma hvort dómaramum beri að víkja sæti að því er varðar ákærulið þennan, en samkvæmt 1. tl. og 7. tl. i.f. 36. gr. laga nr. 85, 1936, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74, 1974 þykja eftir öllum atvikum ekki alveg nægjanleg rök hníga til þess og hefur því efnisdómur verið kveðinn upp.

II.

Hinn 15. desember 1982 kom á skrifstofu Rannsóknarlögreglu ríkisins maður að nafni Bjarni Sveinsson og skýrði frá því að hann hefði hinn 29.

júli 1982 samið við ákærðan um að kaupa „af honum eða fyrirtæki hans“ varning, svo sem nánar er rakið í I. kafla ákæru, dagsettrar 28. mars 1984.

Fram er komið, að ákærður annaðist ekki sjálfur sölu þá, sem um er fjallað í ákæru. Að öðru leyti eru atvik máls þessa í ýmsum atriðum óljós. Í refsímáli gegn ákærðum verður talið varhugavert að líta svo á, að nægar sannanir séu fram komnar fyrir því, að ákærður hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem í ákæru er lýst, og verður hann því sýknaður af refsikröfu ákæruvalds. Með vísan til 146. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála verður af sömu sökum eigi í máli þessu dæmt um skaðabætur varðandi ákærulið þennan.

III.

Ákærður hefur skýlaust játað að hann hafi á tímabilinu frá 20. október til 10. nóvember 1982 gefið út fjóra tékka á reikning nr. 2853 við Útvegsbanka Íslands, samtals að fjárhæð krónur 100.111, og notað þá í viðskiptum enda þótt innistæða reikningsins væri eigi nægileg til að mæta greiðslum þeirra, allt svo sem rækilega og réttilega er lýst í II. kafla ákæru, dagsettrar 28. mars 1984.

Af hálfu ákærðs hefur því verið haldið fram að hann hafi á þessum tíma átt innistæður á öðrum reikningum bankans til að greiða nefnda tékka með. Bankastarfsmenn, sem yfirheyrðir voru í málinu, báru að þeir fjármunir hafi verið til tryggingar öðrum og óskyldum fjárskuldbindinum ákærðs.

Samkvæmt 73. gr. tékkalaga nr. 94, 1933, sbr. 1. gr. laga nr. 35, 1977 bar ákærðum að sjá til þess að fullnægjandi innistæða væri fyrir hendi á reikningi þeim sem hann gaf tékkana út á.

Með eigin játningu ákærðs, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað að hann hafi gerst sekur um brot gegn nefndu ákvæði tékkalaga, og þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 30 daga, verði sekt eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms.

Arnmundur Backman héraðsdómsslögmaður hefur krafist skaðabóta úr hendi ákærðs að fjárhæð krónur 13.806 auk dráttarvaxta eins og þeir eru á hverjum tíma frá 27.10. 1982 til greiðsludags og kr. 110 í innheimtukostnað. Ákærður samþykkti kröfuna sem tekin verður til greina að undanskildum innheimtulaunum.

Útvegsbanki Íslands hefur krafði ákærðan skaðabóta að fjárhæð krónur 71.000 með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 22. október 1982 til 1. nóvember s.á., en með 5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags. Ákærður hefur mótmælt skaðabóta-

kröfunni. Þar sem krafan er nægilega rökstudd verður ákærður dæmdur til greiðslu hennar, þó þannig að dráttarvextir verði eigi hærri en heimilt er á hverjum tíma.

Loks hefur Jón Ingólfsson héraðsdómslögmaður krafist skaðabóta úr hendi ákærðs að fjárhæð krónur 15.305 með 5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 12.11. 1982 til greiðsludags. Ákærður samþykkti kröfuna og verður hann dæmdur til að greiða hana, þó þannig að dráttarvextir verði eigi hærri en heimilt er á hverjum tíma.

Með vísan til 2. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 þykir rétt að dæma ákærðan til að greiða $\frac{1}{3}$ hluta alls sakarkostnaðar og eru þar með talin 20.000 króna málsvarnarlaun Gissurar V. Kristjánssonar héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda hans, en $\frac{2}{3}$ hlutar greiðast úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Ákærður, Pétur Einarsson, greiði 30.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 30 daga, verði sekt eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms.

Ákærður greiði Arnmundi Backman héraðsdómslögmanni krónur 13.806 auk dráttarvaxta eins og þeir eru á hverjum tíma frá 27.10. 1982 til greiðsludags, Útvegsbanka Íslands krónur 71.000 með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 22.10. 1982 til 1.11. 1982, en með 5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags, þó þannig að dráttarvextir verði eigi hærri en heimilt er á hverjum tíma, og Jóni Ingólfssyni héraðsdómslögmanni krónur 15.305 með 5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 12.11. 1982 til greiðsludags, þó þannig að dráttarvextir verði eigi hærri en heimilt er á hverjum tíma.

Ákærður greiði $\frac{1}{3}$ hluta alls sakarkostnaðar, og eru þar með talin 20.000 króna málsvarnarlaun Gissurar V. Kristjánssonar héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda hans, en $\frac{2}{3}$ hlutar skulu greiddir úr ríkissjóði.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.